

11.5.2012

Hér sendist umsögn Hrunamannahrepps vegna rammaáætlunar sem tekin var fyrir á fundi hreppsnefndar í gær.

1. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða. Hreppsnefnd telur að veik rök standi til þess að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði færðar úr nýtingarflokki yfir í biðflokk. Þá ítrekar hreppsnefnd þá skoðun sína að færa eigi virkjunarkost við Farið við Hagavatn úr biðflokki í nýtingarflokk og Norðlingaölduveitu úr verndarflokki í biðflokk.

Kveðja

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri